

Leiðbeinandi verklag um flutning máls skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sjá nánar: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, reglugerð um tengiliði og málstjóra og reglur um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Eitt af markmiðum farsældarlaganna er að tryggja samfellu í þjónustu við börn og foreldra. Með samfelldri þjónustu er meðal annars átt við að skipulag þjónustunnar skuli miða að því að ekki verði rof í þjónustu til dæmis vegna aldurs barns, breyttra aðstæðna eða stöðu þjónustuveitenda. Þetta á við þjónustu á öllum æviskeiðum barns og mikilvægt að tryggja samfellu í þjónustu t.d. ef barn flytur milli skólahverfa, skólastiga eða sveitarfélaga.

Hér að neðan er leiðbeinandi verklag um flutning mála en hafa ber í huga að verklag getur verið ólíkt milli sveitarfélaga og stofnana. Tengiliðir og málstjórar farsældar þurfa því að kynna sér vel leiðbeiningar/verklag viðkomandi sveitarfélaga/stofnana, varðandi ábyrgð, skjalavörslu og utanumhald mála til þess að tryggja samfellu við flutning máls þegar/ef til þess kemur.

Mikilvægt er að taka fram að skil mála í samþættingu (á 1., 2. og/eða 3. stigi) eiga ekki að fara fram í stórum hópum t.a.m. í nemendaverndarráði, lausnateymi, fjölskylduteyimum o.s.frv. Gæta þarf meðalhófs í miðlun allra upplýsinga um aðstæður barns og að upplýsingum sé aðeins miðlað til þeirra sem koma að þjónustu við barnið.

1. Flutningur máls milli tengiliða

Í farsældarlögum er lögð áhersla á að tryggja samfellu í þjónustu við börn. Ef aðstæður barns breytast ber fyrri tengilið að sjá til þess að nýr tengiliður fái nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barnsins til að geta gegnt hlutverki sínu. Þegar nýr tengiliður hefur tekið við hefur fyrri tengiliður ekki lengur heimild til að vinna upplýsingar um barnið.

Dæmi um þetta er þegar barn flytur í annað sveitarfélag, annan skóla eða færast á milli skólastiga.

Hér er vert að taka fram að tengiliðir í grunnskóla þurfa alla jafna að gera ráðstafanir um að skila málum barna sem eru að ljúka grunnskólagöngu til tengiliðar í framhaldsskóla að hausti frekar en í lok skólaárs að vori. Ástæðan er sú að oft liggur ekki fyrir hvar barnið fær framhaldsskólavist fyrr en eftir að sumarlokun grunnskóla er hafin.

2. Flutningur máls frá tengilið til málstjóra

Tengiliður farsældar skipuleggur og fylgir eftir markvissri samvinnu þjónustuveitenda um snemmtækan stuðning á fyrsta þjónustustigi. Ef úrræði á fyrsta þjónustustigi eru fullreynd og metið er sem svo að nauðsynlegt sé að setja saman stuðningsteymi ætti tengiliður að spegla málið við málstjóra farsældar og meta hvort þörf er á að færa málið yfir til hans. Ef það er niðurstaðan þá tekur málstjóri farsældar við, setur saman stuðningsteymi, gerir stuðningsáætlun og stýrir vinnu stuðningsteymis.

Mikilvægt er að tengiliðir farsældar þekki vel boðleiðir og verkferla sveitarfélags um það hvernig málum barna er komið áfram til málstjóra farsældar. Útfærslur eru þó ólíkar milli sveitarfélaga.

Hér er vert að taka fram að nemendur í framhaldsskólum koma gjarnan frá ólíkum sveitarfélögum og því er mikilvægt að tengiliður farsældar í framhaldsskóla kynni sér vel hverjar boðleiðir eru hjá sveitarfélagi barnsins ef þarf að spegla mál við málstjóra farsældar og færa málið upp á annað eða þriðja þjónustustig. Stjórnendur félagsþjónustu sveitarfélaga eru alla jafna best til þess fallnir að gefa slíkar upplýsingar ef þær er ekki að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Flutningur máls milli málstjóra ólíkra sveitarfélaga

Í farsældarlögum, frumvarpinu og reglugerð um tengiliði og málstjóra, er ekki fjallað nákvæmlega um flutning mála milli sveitarfélaga þegar mál er komið í vinnslu málstjóra á öðru eða þriðja þjónustustigi. Því má gera ráð fyrir að skilgreina eigi slíkan flutning út frá lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum þegar það á við.

Í 3. mgr. 13 gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um flutning á lögheimili sem og rétt til þjónustu eftir slíkan flutning. Þá er sérstaklega rætt um flutning mála í 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Beiðni um samþættingu þjónustu heimilar flutning upplýsinga á milli sveitarfélaga til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og foreldrana. Það er þó mikilvægt að ræða við foreldrana og eftir atvikum barnið áður en málið er flutt áfram til áframhaldandi vinnslu í öðru sveitarfélagi. Þannig fæst tækifæri til að halda foreldrum og eftir atvikum barni áfram upplýstum um næstu skref. Það gæti verið árangursríkt og byggt upp aukið traust ef foreldrar og eftir atvikum barn hitta tilvonandi málstjóra með þeim fyrri.

4. Flutningur máls frá málstjóra á 2. eða 3. þjónustustigi til tengiliðar á 1. þjónustustigi

Ef rökstudd niðurstaða stuðningsteymis er sú að færa skuli mál barns frá málstjóra á 2. eða 3. þjónustustigi til tengiliðar á 1. þjónustustigi að höfðu samráði við foreldra, þá væri gagnlegt að stuðningsteymið fundi með foreldrum og eftir atvikum barni til að skipuleggja flutning á milli þjónustustiga. Á þeim fundi er mikilvægt að leggja áherslu á hvernig og hvaða upplýsingum verði miðlað til tengiliðar og hafa þar 23 gr. farsældarlaga sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga að leiðarljósi.

Það er mikilvægt að gæta meðalhófs en miðla öllum þeim upplýsingum sem skipta máli fyrir farsæld barnsins í vinnslu á 1. þjónustustigi í samráði við foreldra og eftir atvikum barn.

Stuðningsteymi tekur sér tíma og svigrúm til þess að ramma inn þann stuðning og þjónustu sem barnið þarf á 1. þjónustustigi ásamt því að ákveða í samráði við foreldra og eftir atvikum barn í hvaða formi upplýsingum verði miðlað til tengiliðar farsældar. Dæmi um það getur verið stuðningsáætlun, hvort sem hún er afhent í heild sinni eða að hluta. Fundargerðir stuðningsteymis geta líka gagnast hvort sem þær eru afhentar í heild sinni eða útdráttur með þeim upplýsingum sem skipta máli. Þetta er allt metið eftir aðstæðum hverju sinni í samráði við foreldra og eftir atvikum barn.

Áður en málið er flutt formlega niður á 1. þjónustustig getur það aukið skilvirkni varðandi flutning máls á milli þjónustustiga að málstjóri farsældar stýri síðasta fundi stuðningsteymis með foreldrum og eftir atvikum barni og bjóði tengilið farsældar á þann fund til að tryggja samfellu í þjónustu.

Þegar málið hefur verið flutt formlega frá stuðningsteymi og málstjóra farsældar til tengiliðar farsældar þá ákveða foreldrar og eftir atvikum barn með tengiliði farsældar hvernig samstarfinu verði háttáð og hversu reglubundin samskiptin eða fundir verða í framhaldinu. Stuðst verður við þann ramma sem stuðningsteymi farsældar setti upp við flutning máls á milli þjónustustiga.